

Upplifanir á Iwate Háskólahátíð í Morioka, Iwate, Japan.

Iwate Háskólinn er staðsettur í Iwate héraði í Norður-Japan í borg að nafni Morioka. Morioka hefur aðeins minni fólksfjölda en Ísland eða um 300.000 manns. Iwate Háskólinn er með nemendum frá ýmsum hornum heimsins og er hægt að nefna nemendum frá Íslandi, Bandaríkjunum, Frakklandi, Kína, Indlandi, Kyrgistan, Kanada, Mongólíu sem og fleiri löndum. Einnig er Iwate Háskólinn með ýmsa atburði yfir skólaárið og ég vill tala aðeins um þessa atburði, þá Iwate Háskólahátíðina sem og Opnu Dagar Háskólans. En hvað er Iwate Háskólahátíðin?

Iwate Háskólahátíðin er árlegur atburður sem er haldin yfir helgi venjulega í byrjun október. Þessi hátíð laðar að sér fólki allstaðar frá Norður-Japan, menntaskólastúdentar og fjölskyldur þeirra sem og venjulegar fjölskyldur frá bæjum og borgum hér í kring.


Ljósmyndir	Útskýringar
	<p>Á Iwate Hátíðinni eru nemendur með ýmsar uppákomur, hér má sjá nemendur nota prik til að halda hlutum á lofti.</p>
	<p>Einnig er hægt að fá ýmsar upplýsingar um skólann. Á myndinni sést fólk bíða í röð eftir að fá upplýsingar um aðgang að Félags- og Mannvísindadeild háskólans.</p>



Íslensku skiptinemendurnir
að búa til kókosbollur fyrir
Japani á Iwate
Háskólahátíðinni.



Japanskir nemendur úr
klúbbi að kynna hið
Japanska Origami fyrir
fólki.



Fíll sem höfundur búiði til
með leiðbeiningum frá
Japönskum nemendum.

Það eru í raun nokkrar ástæður fyrir þessari hátíð. Til að byrja með er þetta frábært tækifæri fyrir skiptinemendur til að umgangast og vinna með Japönskum nemendum í að byggja upp einhvað, hvort sem það eru söngur, dans eða matreiða mat. Einnig gefur þetta skiptinimum gott tækifæri til að spjalla við ýmisskonar fólk frá mismunandi stéttum Japanskt samfélags sem og Japönnum tækifæri til að spjalla við útlendinga. Þessi hátíð er líka einmitt á sama tíma og annar atburður sem kallast Opnir dagar Háskólans. Opnir dagar Háskólans er ákveðinn atburður þar sem rannsóknarstofur skólans eru opnaðar fyrir almenning til að skoða og sjá hvað nemendur eru í raun að rannsaka eða gera í tímum. Einnig er þetta glæsilegt tækifæri fyrir nemendur sem hafa áhuga á Iwate Háskóla til að fá frekar upplýsingar beint frá nemendunum sem og tækifæri til að mögulega komast inn í þessar ákveðnu rannsóknarstofur. Allt í allt eru þessir báðir atburðir virkilega skemmtilegir. Þeir gefa fólki tækifæri til að fá ýmsar upplýsingar um Iwate Háskólann, að borða góðan mat frá ýmsum löndum, tala við Japani sem og skiptinema og loks tækifæri til að sjá hvað Japanskir



háskólanemar sem og Mastersnemar eru að gera í rannsóknum sínum.

Mæli með því að allir sem hafa áhuga á Japanskri menningu og/tækni komi til Iwate Háskóla í Morioka !

29.október 2014
Jón Rafn Oddsson.